

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 9. júlí 1997

um sameiginlega tækniforskrift um almennar tengikröfur vegna endabúnaðar við fjögurra þráða hliðrænar leigulínur í ONP-kerfinu(*)

(Texti sem varðar EES)

(97/487/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/263/EBE frá 29. apríl 1991 um samhæfingu laga aðildarríkjanna um notendabúnað til fjarskipta ásamt gagnkvæmri viðurkenningu á samræmi ⁽¹⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE ⁽²⁾, einkum öðrum lið 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ákvæði um gerðir endabúnaðar sem sameiginlega tækniforskrift þarf fyrir, svo og tilheyrandi yfirlýsingu um gildissvið.

Samþykkja ber samsvarandi samhæfða staðla eða þá hluta þeirra sem eru til framkvæmdar grunnkröfunum sem breyta á í sameiginlegar tækniforskriftir.

Sameiginlega tækniforskriftin, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, er í samræmi við álit samþykkisnefndar endabúnaðar (ACTE).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Þessi ákvörðun gildir um endabúnað sem tengja á við tengipunkt í almenna símanetinu í tengslum við fastar hliðrænar fjögurra þráða leigulínur í ONP-kerfinu með bandbreidd fyrir venjuleg eða sérstök talgæði og fellur undir samhæfða staðalinn sem um getur í 1. mgr. 2. gr.

2. Í þessari ákvörðun er kveðið á um sameiginlega tækniforskrift sem gildir um almennar tengikröfur fyrir þá gerð endabúnaðar sem um getur í 1. mgr.

2. gr.

1. Sameiginlega tækniforskriftin skal fjalla um samhæfða staðalinn sem hlutaðeigandi staðlastofnun hefur samið til framkvæmdar grunnkröfunum sem um getur í c-, d- og f-lið 4. gr. tilskipunar 91/263/EBE. Tilvísun í staðalinn er að finna í viðaukanum.

2. Endabúnaður innan gildissviðs þessarar ákvörðunar skal vera í samræmi við sameiginlegu tækniforskriftina sem um getur í 1. mgr., uppfylla grunnkröfurnar sem um getur í a- og b-lið 4. gr. tilskipunar 91/263/EBE og uppfylla kröfur allra annarra gildandi tilskipana, einkum tilskipana ráðsins 73/23/EBE ⁽³⁾ og 89/336/EBE ⁽⁴⁾.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EBL 208, 2.8.1997, bls. 47, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/98 frá 4. júlí 1998 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 128, 23. 5. 1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 220, 31. 8. 1993, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 77, 26. 3. 1973, bls. 29.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 139, 23. 5. 1989, bls. 19.

3. gr.

Tilkynntir aðilar, sem tilnefndir eru til að koma í framkvæmd málsmeðferðunum sem um getur í 9. gr. tilskipunar 91/263/EEC, skulu, að því er varðar endabúnað, sem 1. mgr 1. gr. gildir um, beita samhæfða staðlinum sem um getur í 1. mgr. 2. gr. innan árs frá birtingardegi þessarar ákvörðunar, eða sjá til þess að honum sé beitt.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. júlí 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Tilvísun í gildandi samhæðan staðal

Samhæfði staðallinn sem vísað er til í 2. gr. ákvörðunarinnar er:

Viðskiptafjarskipti (BTC)

Tæknilegar ONP-kröfur

Fjögurra þráða hliðrænar leigulínur fyrir venjuleg eða sérstök talgæði (A40 og A4S)

Tengikröfur fyrir skil endabúnaðar

ETSI

Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu

Aðalskrifstofa

TBR 17 - Janúar 1997

(að undanskildum formála)

Viðbótarupplýsingar

Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu er viðurkennd samkvæmt tilskipun ráðsins 83/189/EEC ⁽¹⁾.

Samhæfði staðallinn sem vísað er til hér að framan er saminn samkvæmt umboði sem gefið er út í samræmi við viðeigandi málsmæðferðarreglur tilskipunar 83/189/EEC.

Unnt er að fá orðréttan texta framangreinds samhæfðs staðals með því að snúa sér til:

Fjarskiptastaðlastofnun
650, route des Lucioles
F-06921 Sophia Antipolis Cedex

Evrópu Framkvæmdastjórnar
Evrópubandalaganna
DG XIII/A/2 — (BU 31 1/7)
Rue de la Loi 200/Wetstraat 200
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjórn. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8.